

# Haustfundur SKÍ 2018

haldið í Reykjavík 5.-6.október



## Breyting á reglugerð - nr. 8

### Tillaga að breytingu á reglugerð um keppnishald

Flutningsaðili: Stjórn SKÍ

#### Var:

1. Allt keppnishald í alpagreinum, skíðagöngu og snjóbrettum skal fara fram eftir reglum Alþjóða Skíðasambandsins (FIS) nema annað sé tekið fram í lögum eða reglugerðum SKÍ.
2. Boð í mót skulu send öllum aðildarfélögum og stjórn SKÍ bréflega samkvæmt reglum ÍSÍ. Þar skal koma fram: Upplýsingar um mótisstjórn, farastjórafund, dagskrá og verðlaunaafhendingu ásamt mögulegu æfingasvæði.
3. Mótshöldurum bera að senda „Gátlista mótshaldara“ með umbeðnum upplýsingum til SKÍ eigi síður en fjórum dögum fyrir fyrsta keppnisdag. Ef gátlisti berst ekki til SKÍ innan tilsetts tíma er mótanefnd heimilt að flytja mótið á annan mótisstað.
4. Sé ekki hægt að halda mótið á fyrirhuguðum stað skal það tilkynnt SKÍ með viku fyrirvara og mun SKÍ þá setja mótið á varastað. Varastaðir eru allir þeir staðir sem hafa sótt um mót á því keppnistímabili.
5. Keppendur, fararstjórar og þjálfarar skulu hafa frían aðgang að lyftum meðan mótið stendur yfir, þ.m.t., upphitun og skoðun brauta.
6. Keppendur skulu hafa aðgang að húsaskjóli á mótisstað.
7. Björgunarsveit/sjúkravakt skal vera á mótinu.
8. Verðlaunaafhending skal fara fram strax að mótinu loknu (ath. brottfarartíma flugvéla). Mælt er með að kalla upp alla verðlaunahafa samtímis til að koma í veg fyrir truflandi hlaup fram og til baka.
9. Tilkynna skal úrslit strax að móti loknu. Æskilegt er að hafa ljósmyndara á mótinu sem geta verið tilbúnir með myndir strax. Úrslitin skulu send fjölmiðlum án tafar og góðar myndir vekja athygli á mótinu og íþróttinni. Skýrslur skulu sendar SKÍ í mótislok.
10. Að öðru leiti gilda móta og keppnisreglur FIS og ÍSÍ.

#### Verður:

1. Reglugerð þessi nær til þeirra móta sem SKÍ stendur fyrir, Bikarmót, Unglingameistaramót Íslands (UMÍ), Skíðamót Íslands (SMÍ) og Snjóbrettamót Íslands (SBÍ).

Afgreiðsla:

☐ Samþykkt ☐ Felld

# Haustfundur SKÍ 2018

haldið í Reykjavík 5.-6.október

2. Allt keppnishald í alpagreinum, skíðagöngu og snjóbrettum skal fara fram eftir reglum Alþjóða Skíðasambandsins (FIS) nema annað sé tekið fram í lögum og/eða reglugerðum SKÍ.
3. Keppnisrétt hafa eingöngu félagsbundnir iðkendur í viðurkenndu aðildarfélagi innan SKÍ. Allir iðkendur skulu vera skráðir í félagakerfi íþróttahreyfingarinnar Felix.
4. Mótshaldari skal senda mótisboð ásamt dagskrá á skrifstofu SKÍ eigi síðar en mánuði fyrir bikarmót. Fyrir UMÍ, SMÍ og SBÍ þarf mótisboð að vera klárt eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir viðkomandi mót. Mótisboð skulu send öllum aðildarfélögum í kjölfarið. Í mótisboði skulu koma fram upplýsingar um mótisstjórn, skráningarfrest og upplýsingar um fararstjórafund.
5. Mótshöldurum ber að senda „Gátlista mótshaldara“ með umbeðnum upplýsingum til SKÍ eigi síður en fjórum dögum fyrir fyrsta keppnisdag. Ef gátlisti berst ekki til SKÍ innan tilsetts tíma er fagnefndum SKÍ heimilt að flytja mótið á annan mótisstað.
6. Sé ekki hægt að halda mótið á fyrirhuguðum stað skal það tilkynnt SKÍ með viku fyrirvara og mun SKÍ þá setja mótið á varastað. Varastaðir eru allir þeir staðir sem hafa sótt um mót á því keppnistímabili.
7. Keppendur, fararstjórar og þjálfarar skulu hafa frían aðgang að keppnissvæði meðan mótið stendur yfir. Fjöldi lyftumiða fyrir fararstjóra og þjálfara verður sem hér segir:

| Fjöldi keppenda | Fjöldi lyftumiða |
|-----------------|------------------|
| 1-10            | 2                |
| 11-20           | 4                |
| 21 og fleiri    | 6                |

Við skráningu keppenda í mót skal skila inn nafnalista yfir fararstjóra og þjálfara sem mæta með keppendum.

8. Keppendur skulu hafa aðgang að húsaskjóli á mótisstað.
9. Mótshaldari skal útbúa aðgerðaáætlun ef slys verða á mótisstað. Sjúkravakt skal vera til staðar á svæðinu og tryggt að hægt sé að fá skjóta meðferð við slysum.
10. Verðlaunaafhending skal fara fram strax að mótinu loknu og skulu verðlaun vera í samræmi við reglugerðir. Á UMÍ, SMÍ og SBÍ getur verið að verðlaunaafhending sé seinna en þá skal mótshaldari taka fram slíkt í dagskrá og tilkynna snemma.
11. Alltaf skal senda úrslit um leið og þau liggja fyrir á SKÍ og á FIS í þeim tilfellum sem mót er FIS mót. Ásamt því skal mótshaldari setja úrslit og upplýsingar inná sína eigin heimasíðu.

## Útskýring og rökstuðningur:

Almenn uppfærsla og breyting á reglugerðinni. Verið að samræma við aðrar reglugerðir sem og að betrum bæta texta. Skerpa á keppnisrétti, mótisboði, lyftumiðum, sjúkravakt o.s.frv.

**Afgreiðsla:**

☐ Samþykkt ☐ Felld